

18. fundur veitustjórnar haldinn miðvikudaginn 3. júní 2020 í ráðhúsinu á Flúðum og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Elsa Ingjaldsdóttir, Bogi Pétur Eiríksson, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Tilboð í borholu á Flúðum.

Fyrir fundinum liggja þrjú tilboð vegna borunar á holu fyrir Hitaveitu Flúða á Flúðum. Veitustjórn telur skv. upplýsingum frá veitustjóra og Hauki Jóhannessyni hönnuði holunnar að nægilegt sé að bora grenni holu en upphaflega var lagt upp með. Veitustjórn felur veitustjóra að óska eftir tilboðum hjá sömu aðilum sem lögðu fram tilboð á grundvelli fyrri verðfyrirspurnar í borun á þeim forsendum. Verklok ættu að vera í síðasta lagi 15. ágúst.

2. Viðauki við fjárhagsáætlun Hitaveitu Flúða.

Lagður er fram viðauki við fjárhagsáætlun Hitaveitu Flúða fyrir árið 2020. Í viðaukanum er gerð tillaga um að hækka fjárfestingu hitaveitunnar á árinu úr kr. 12 millj. í 50. millj. til að bregðast við fjárfestingum til að auka hitavatnsöflun fyrir Hitaveitu Flúða. Viðaukinn hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu hitaveitunnar en auknum útgjöldum er alfarið mætt með lækkun á handbæru fé. Veitustjórn samþykkir viðaukann.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 12:50.